

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps
Stjórnsýsluhúsinu Borg
805 Selfoss

Bjarkarborgum 5. september 2023

Efni: Álit og fyrirmæli innviðaráðuneytisins vegna stjórnsýslu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Vísað er til álits innviðaráðuneytisins vegna samskipta okkar frá því í júlí 2021, álits sem kynnt var þann 27. júní sl. Til efni álitsins var ábending frá undirrituðum sem send var sveitarstjórn upphaflega þann 26. júlí 2021 eða rúmum tveimur árum en úrskurðurinn var kveðinn upp.

Í niðurlagi ráðuneytisins kemur eftirfarandi fram:

“Að mati ráðuneytisins er gjaldskrá sveitarfélagsins Grímsnes- og Grafningshrepps vegna aðgangs í sundlaug og íþróttamiðstöðina Borg sem rekin er af sveitarfélaginu ekki í samræmi við jafnræðis- og meðalhöfsreglu stjórnsýsluréttar og er því ólöglegt. Í ljósi framangreindrar niðurstöðu og hvernig mál þetta er vaxið telur ráðuneytið ástæðu til að gefa sveitarfélaginu þau fyrirmæli, á grundvelli 3. tölul. 2. mgr. 112. gr. sveitarstjórnarlaga, að koma gjaldskrá sveitarfélagsins vegna aðgangs að íþróttamiðstöðinni Borg í löglegt horf.”

Í þessu sambandi og í því ljósi að hér er um **lögbrot** að ræða eins og fram kemur í álitinu, leitar undirritaður svara frá Sveitarstjórn GOGG við eftirfarandi spurningum:


1. Á grundvelli hvaða laga, reglugerða eða annara lögmætra leiða tók sveitarstjórn **ákvörðun um að halda áfram lögbrotum sínum** með samþykkt sinni á fundi sveitarstjórnar þann 10. júlí sl.? Á fundinum er fjallað var um lögbrotið en ákveðið að **halda áfram að brjóta lög fram til 1. ágúst**, með því að seinka því að breyta gjaldskránni í stað þess að gera það samstundis.
2. Með hvaða hætti hyggst sveitarstjórn bæta undirrituðum og öðrum þeim sem sveitarstjórn braut á, þann fjárhagslega skaða sem þessir aðilar urðu fyrir með þeirri ólöglegu gjaldtöku sem stunduð var af hálfu sveitarfélagsins á viðskiptavinum sveitarfélagsins?

Það hlýtur að teljast með ólíkindum að opinber aðili skuli vísvitandi halda áfram lögbrotum sínum með samþykkt sinni á umræddum sveitarstjórnarfundum í stað þess að sýna sjálfum sér og öðrum þá virðingu að bregðast við lögbroti sínu hið snarasta og biðjast afsökunar. Engin iðrum virðist vera til staðar hjá þeim kjörnu fulltrúum sem sitja fundinn og ættu þeir því að íhuga stöðu sína og hvort ásetningur þeirra til að halda áfram lögbrotum sé til þess fallinn að auka trúverðuleika þeirra.

Undirritaður áskilur sér rétt til að krefjast skaðabóta vegna þess tjóns sem hin ólögmæta ákvörðun sveitarfélagsins hefur haft í för með sér og vegna þess kostnaðs sem að undirritaður hefur haft máli þessu.

Vænti svars hið fyrsta.

Með kveðju, Björgvin Njáll Ingólfsson.



Afrit sent á: Jón Ármann Guðjónsson, hrl. Hjá Lögborg, Ingilín Kristmannsdóttir og Guðni Geir Einarsson –
Innviðaráðuneytinu.